

SJÖ LITLAR MÝS

Lag : Lee Pockriss
Ljóð: Ómar Ragnarsson

Sjö litlar mýs sátu í hóp
er síðkvöld út í garðinn ég fór.
“Eruð’ ekki hræddar” undrandi ég spurði,
en undireins þær svöruðu í kór:
“Allar saman nú einn, tveir, þrír.
Nei við ætlum að vera svo ósköp þæg og góð,
Svo allir geti haft það gott hjá músapjóð.
Jólunum á eru allir vinir
og við syngjum fagnaðarljóð.”



Þá heyrðist “hviss” en kyrrar sátu mýsnar
er kisuhópur fram hjá þeim fór.
Ég spurði: “Ætlið þið kisu
að éta litlu mýsnar?”
en undireins þær svöruðu’ í kór:
“Allar saman nú einn, tveir, þrír.
Nei við ætlum að vera svo ósköp þæg og góð,
svo allir geti haft það gott hjá kattapjóð.
Jólunum á eru allir vinir
og við syngjum fagnaðarljóð.

Ég fór inn í hús og hitti börn sem voru’ að
hjálpa mömmu glaðleg og rjóð.
Ég spurði:”Eruð’ þið hætt að hrekkja’ og vera óþekk?”
og hýr og glöð þau sungu þetta ljóð:
“Allir saman nú einn, tveir, þrír.
Já við ætlum að vera svo ósköp þæg og góð
svo allir geti haft það gott hjá vorri þjóð.
Jólunum á eru allir vinir
og við syngjum fagnaðarljóð, dum duru rum dum,
Mannabörnin hlýðin og hljóð, dum duru rum dum,
Halda jólin þæg og góð, *dum*”.

